

LISTIR

Íslensk menning í Austurríki

ÍSLENSK menningarhátíð hófst í gær í Literaturhaus Salzburg í Austurríki. Hátíðin stendur í þrjá daga og samanstendur af upplestri íslenskra rithöfundu úr verkum sínum, myndlistarsýningu og sýningu kvikmyndanna Atómstöðin og Djöflaeyjan.

Í gær flutti Halldór Guðmundsson, bókmenntafræðingur, erindi um verk Halldórs Kiljan Laxness og í dag mun Einar Kárason lesa upp úr skáldverkum sínum. Á morgun munu rithöfundarnir Elín Ebba Gunnarsdóttir, Linda Vilhjálmssdóttir og Sjón lesa úr skáldverkum sínum en þá verður jafnframt móttaka sendiráðs Íslands í Austurríki fyrir gesti.

Yfirstandandi er sýning Sigurðar Guðmundssonar á ljósmyndaverkum og nýjum skúlptúrum (Fotos, Poems, Bonbons) í Literaturhaus Salzburg.

Samstarfsaðilar með Literaturhaus Salzburg vegna menningarhátíðarinnar eru sendiráð Íslands í Vinarborg, Flugleiðir hf., Bókmenntakynningarsjóður, Kvikmyndasjóður Íslands, Galleri i8, Edda-Miðlun og Goethe-zentrum á Íslandi.

Margþætt mynd

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur
– Hafnarhúsi

SAMSÝNING NÍU ÍSLENSKRA
MYNDLISTARMANNA

Sýningin er opin alla daga frá kl. 11–18 og á fimmtudögum til kl. 19. Stendur til 30. ágúst.

SÝNINGIN Mynd – Íslensk samtímalist var opnuð í Henie Onstad-safninu í Osló fyrir um ári. Henni hefur nú verið komið fyrir í Hafnarhúsinu og er framlag Listasafns Reykjavíkur til Listahátíðar 2002. Listrænn umsjónarmaður Henie Onstad-safnsins átti frumkvæðið að uppsetningu sýningarinnar og fékk til liðs við sig Jón Proppé, sem valdi listamennina. Jón er vel kunnur í íslenskum listheimi. Hann hefur skrifað listgagnrýni bæði í DV og Morgunblaðið og verið virkur í listumræðu um árabil. Níu myndlistarmenn eiga verk á sýningunni. Þau eru Svava Björnsdóttir, Bjarni Sigurbjörnsson, Guð-



Verk Guðjóns Bjarnasonar, „Krómuð veröld“, og málverkið „Óskilgreint ekkert“ eftir Bjarna Sigurbjörnsson.

jón Bjarnason, Jón Óskar Hafsteinnsson, Ómar Stefánsson, Anna Línal, Margrét Blöndal, Þorvaldur Þorsteinsson og Birgir Andrésson.

Listamennirnir spanna ólík svið myndlistar og gefur það ágæta mynd af íslenski samtímalist þar sem engin hugmyndafræði ríkir yfir annarri eins og oft hefur verið. Myndlistarsýning sem þessi verður því ekki auðveldlega metin í heild sinni, heldur metum við einstök listaverk eða framlag hvers listamanns.

Framlag Svövu Björnsdóttur er lágmyndir gerðar úr pappmassa. Verkin byggjast á hringformi og ferningsformi. Hvít hlið formanna snýr fram á við en bakhliðin er lituð. Liturinn endurvarpast á vegginn og getur áhorfandi auðveldlega gleymt sér í sjónarspílinu.

Málverk Bjarna Sigurbjörnssonar „Óskilgreint ekkert“ hefur samskonar hugleiðslugildi og verk Svövu en byggist á litaflámi umfram formfræði. Bjarni malar á plexigler og snýr ómálðri hlið glersins frá veggnum. Við sjáum því bakhlið málverksins eða fyrsta lag þess. Verkið er 840 cm á hæðina og hangir á sérsníðuðum vegg í porti safnsins. Þykir mér umgjörðin og umhverfið óhentugt fyrir annars einfalt og hrifandi málverkið.

Skúlptúrum Guðjóns Bjarnasonar hefur einnig verið komið fyrir í portinu og njóta þeir sín vel þar. Guðjón mótar skúlptúra sína með því að sprengja þá með dýnamíti. Aðferð hans minnir á endurvinnslu-

og niðurrifsheimsspeki Frakkans Jacques Derrida þar sem eyðilegging skúlptúranna er í senn sköpun þeirra.

Jón Óskar varpar atburðarás splatter-tölvuleiksins „Counter strike“ á vegg í einu herbergi safnsins. Í öðru herbergi sýnir hann málverkaseríu af sérsveitarlegum görpum leiksins. Verkin bera með sér strákslega ofbeldis- og hetjudýrkun sem tölvu- og kvikmyndaiðnaðurinn hefur hingað til notið góðs af.

Gróft málað og þétt hlaðið myndefnið í málverkum Ómars Stefánssonar er skemmtileg svörin við stílhreinni verkum eins og eftir Svövu og Bjarna. Ég er ósammála því sem Jón Proppé heldur fram í sýningarskránni að verk Ómars líkist engu sem þekktist annars staðar í alþjóðlegri samtímalist. Verk hans falla vel undir svokallaðan „popsurrealisma“ sem kenndur er við listamenn eins og Kenny Scharf og Carrol Dunham. Líkt og Scharf og Dunham fylgdi Ómar uppgangi málverksins á níunda áratugnum með því að blanda saman surrealistiskri fantasíu og teiknimyndagerð.

Innsetning Önnu Línal er sérlega vel heppnuð. Hún skiptist í tvo þætti. Annars vegar ljósmyndir og myndbandsverk sem sýna ólíkar myndir af íslenski náttúru og hins vegar húsgögn og hluti sem hún saumar í og bindur saman með tvína. Önnu tekst að blanda saman umhverfi heimilis og náttúru á sannfærandi hátt.

Margrét Blöndal vinnur með not-

aða hluti. Það eru gamlar dýnur, boltar, vindlausar blöðrur og tau, sem flestir myndu henda. Hún spilar hlutunum saman í formalíska skúlptúra ásamt ljósmyndum. Skúlptúrnir geyma í sér sögu sem er ekki í hefðbundinni frásögn heldur í næmri tilfinningu sem fylgir gömlum efniviðnum.

Verkið „Tapað – Fundið“ eftir Þorvald Þorsteinsson er einnig samsett úr gömlum og notuðum hlutum. Það eru tölvur, símar, lyklar, föt og hjól sem fólk hefur glatað og Þorvaldur fengið að láni úr vörslu lögreglunnar í Reykjavík. Þorvaldur raðar hlutunum eins og hann sé að bjóða okkur að athuga hvort við eigum einhverjum þeirra.


Birgir Andrésson hefur ritað texta á tvo veggja safnsins. Annar textinn segir „Hlutirnir eru nær en þeir birtast,“ og hinn textinn segir „Hlutirnir eru fjær en þeir sýnast“. Textaverk Birgis hafa oftast verið í formi lýsinga. Í þessu tilfalli notar hann texta til að skapa rými sem hugurinn nær illa að festa í mynd. Hvort hann á við hluti á sýningunni, hluti almennt eða ímyndaða hluti verður hver að gera upp við sig.

Sýningin er hin ágætasta og á vel erindi inn í Hafnarhúsið. Samt hefði ég viljað sjá forstöðumenn Listasafns Reykjavíkur leggja metnað í eigið verkefni fyrir Listahátíð 2002 í stað þess að sækja árs gamla sýningu á íslenski samtímalist sem var gerð fyrir erlent safn.

Jón B.K. Ransu

Barmmerki við öll tækifæri

Fyrir fundi, ráðstefnur og ættarmót



Hægt er að velja á milli þess að hafa hangandi klemmu eða klemmu og nælu á baki barmmerkis.

Prentum á barmmerkin, ef okkur eru send nöfnin í Excel skjali. Pappirinn kemur rifgataður í A4 örkum, fyrir þá sem vilja prenta sjálfir.

Barmmerkin fást í mörgum litum sem bjóða upp á flokkun ættartengsla þegar ættarmót er haldið.

MÚLALUNDUR

Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • Fax: 552 8819 • Heimasiða www.mulalundur.is

Stærna, betra, fínna og flottara...

Það toppar ekkert „Rolsinn“ í grillum...

Sumir borða til að lifa
– aðrir lifa til að grilla!

STERLING®
– er grillið!

Þú færð Sterling hjá:

Nanoq Kringlunni - Everest Skeifunni - Garðheimum- Nóatúnsbúðunum

Vísnaðsöngur



Guð og gamlar konur nefnist ný plata með söng Önnu Pálinu Árnadóttur. Hún syngur um lífið og tilveruna og ýmsar af þeim áleitnu spurningum sem leita á okkur þegar við gefum okkur tíma til að líta yfir líf okkar. Flestir textanna eru eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson helsta samstarfsmann Önnu Pálinu, en lögin eru úr ýmsum áttum, sænsk, norsk, frönsk, bandarísk og finnsk.

Öll tónlistin á disknum á það sammerkt að hafa verið á efnisskrá Önnu Pálinu um langt árabil.

Á plötunni leika með Önnu Pálinu samstarfsmenn hennar til margra ára, þeir Gunnar Gunnarsson pianóleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari, Pétur Grétarsson, sem leikur á slagverk, og Kristinn Árnason gítarleikari.

Útgefandi er Dimma ehf., upptöku annaðist Valgeir Sigurðsson. Dreifing er í umsjá Dreifingarmiðstöðvarinnar.

AUGLÝSINGAÐEILD
netfang: augl@mbi.is eða sími 569 1111